



KNATTSPYRNUSAMBAND ÍSLANDS

Aðildarfélög KSÍ
Formenn/framkvæmdastjórar

Reykjavík, 27. febrúar 2009.

Breytingar á reglugerðum um deildarbikar karla og kvenna

Ágætu félagar

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum þann 26. febrúar breytingu á reglugerðum um deildarbikar karla og kvenna. Breytingin er gerð til samræmis við breytingu sem þegar hefur verið gerð á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Gerð er breyting á greinum 10.2. í báðum reglugerðum, þ.e. karla og kvenna. Breytingar eru skástrikaðar og það sem út fellur yfirstrikað:

10.2 Félag, sem notar leikmann sem ekki hefur keppnisleyfi með því eða notar leikmann, ~~þjálfara eða forystumann~~ í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða. **Félag sem notar þjálfara eða forystumann sem er í leikbanni skal sæta sektum og viðkomandi frekara leikbanni í samræmi við ákvörðun aga- og úrskurðarnefndar.** Staðfesti skrifstofa KSÍ að ~~þátttakandi~~ **leikmaður** hafi verið óhlutgengur í leik skal mótanefnd þegar í stað skrá úrslit leiksins skv. ofangreindu og tilkynna það viðkomandi félögum. Heimilt er að kæra slíka skráningu til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ og skal kærufrestur telja frá þeim degi sem tilkynningin er gefin út.

Breytingin hefur það í för með sé að nú getur lið ekki lengur tapað leik fyrir það að nota þjálfara eða forystumann sem er í leikbanni.

Breytingin tekur gildi nú þegar.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Bestu kveðjur

Þórir Hákonarson
framkvæmdastjóri KSÍ